

nótt. Eg kem aftur í fyrra málíð. Það er orðið framorðið."

"Hvert ætlið þér?" spurði stýrimaðurinn.

"Hún sætlar að leita sér að gistihúsi," sagði skipstjórinn.

"Það er orðið mjög áliðið," sagði stýrimaðurinn; "og það er ekki um mörg gistihús að gera hér. En því ekki að fylgja henni til konunnar, sem faðir hennar var hjá? Þú sagðir að hún liti út fyrir að vera almennileg kona."

"Staðurinn er ekki góður," sagði hinn.

"Hafi hann verið nógu góður handa föður mínum," þá er hann nógu góður handa mér," sagði ungfrú Gething ákveðin. "Og hafi þessi maður ekki verið faðir minn, þá frétti eg máske eitthvað til hans. Er langt þangað?"

"Tvær mílur," svaraði stýrimaðurinn.

"Það er víst bezt að við leggjum strax af stað," sagði skipstjórinn og færði sig um tvö skref, eins og hann vildi koma henni til að leggja af stað tafarlaust.

"Máske að þú vildir vera svo góður að ganga þangað með okkur?" sagði ungfrú Gething við stýrimanninn.

Stýrimanninn sárlangaði til að verða við bón hennar, en hann var góður vinur vina sinna. "Nei, eg héld eg fari að hátta," sagði hann og hálf-skamm-aðist sín fyrir ókurteisina; "eg er orðinn þreyttur."

Hann lyfti húfunni og fór um borð.

Ungfrú Gething lagði af stað með skipstjóranum án þess að segja orð..

"Mér þykir slæmt að stýrimaðurinn vilji ekki koma líka," stamaði skipstjórinn svo sem í afsökunarþrynni